



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 2. tbl. 15. árg

Nóvember og desember 2025

Komið þið sæl og blessuð

Þá er skólaárið 2025-2026 farið vel af stað og gengur glimrandi í Glerárskóla. Framkvæmdir á skólalóð hafa tekið lengri tíma en áætlað var og enn ekki komin lokadagsetning á þær.

Öll starfsemi gengur mjög vel í Glerárskóla enda vinnur starfsfólk sem ein öflug heild með fagmennsku í fararbroddi. Við eigum líka dásamlega nemendur í Glerárskóla sem standa sig vel og verða fróðari og ábyrgðarfyllri með hverjum deginum.



Glerárskóli leggur sem endranær mikla áherslu á faglega þáttinn í skólastarfinu. Við nýtum leiðsagnarnám til að efla fjölbreytni í kennsluháttum samkvæmt Menntastefnu Akureyrarbæjar og skólanámskrá. Með leiðsagnarnámi náum við að efla þátttöku nemenda, bæði meðvitund og ábyrgð á eigin námi sem er einnig hluti af aðalnámskrá grunnskóla. Jákvæður agi aðstoðar nemendur við að taka ábyrgð á eigin lífi og gjörðum, leita lausna á verkefnum sem upp koma í lífi þeirra og sýna umhyggju og kærleika gagnvart öðrum. Eins og flestir vita er Glerárskóli Grænánaskóli svo við tökum öll virkan þátt í umhverfismálum sem samfélag, sýnum góða umgengni, flokkum og endurnýtum. Þar utan vinna kennarar ötullega að endurgerð námsmats og námsvísa enda eru allir grunnskólar á Akureyri að vinna saman að námsmati, uppsetningu skólanámskráa og áætlanagerða.

Um daginn voru þemadagar í skólanum sem tókust glimrandi vel en þemadagar sem þessir styðja einmitt við þá kennslufræði að efla ábyrgð nemenda og sköpunarkraft. Við höldum áfram að stefna hátt, eflum anda og sál með fjölbreyttum hætti og hjálpum nemendum að verða sterkir einstaklingar í nútímasamfélagi.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk vikupósta frá kennurum.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Hrafnhildi og Lilju





Faglegt starf í Glerárskóla

Á skólaárinu verður unnið með nýtt námsmat í Glerárskóla sem samræmist nýuppfærðri aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið verður eins í öllum skólum Akureyrarbæjar. Einnig er sameiginleg vinna við námsáætlanir, námsvísa og langtímaáætlanir í vinnslu á vegum fræðslu- og lýðheilsusviðs.



Kennarar í Glerárskóla eru framarlega í þeirri faglegu vinnu sem á sér stað á landsvísu. Við vinnum ötullega að því að innleiða leiðsagnarnám, vinnum með þemalotur og gerum okkar besta til að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og lífi.

Við nýtum jákvæðan aga til að efla virðingu, sjálfsábyrgð og samskipti svo allt gangi vel en gleymum aldrei að leggja áherslu á læsi í allri sinni mynd til að nemendur eigi auðveldara með allt nám og að lifa í okkar samfélagi.

Við höfum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í hávegum og fylgjum aðalnámskrá grunnskóla í hvívetna.

Gildi Glerárskóla eru skýr: Nemandinn í fyrirrúmi, jákvæður skólabragur, teymisvinna/samvinna, markviss stefna, framfarir.

Skólasýn Glerárskóla er einnig skýr og einföld, allt skólastarf tengist henni og allir nemendur þekkja orðin okkar:

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Haustfrí, skipulagsdagur og viðtalsdagur

Mánudaginn og þriðjudaginn 20. og 21. október er haustfrí í grunnskólum Akureyrarbæjar og þar af leiðandi enginn skóli.



Mánudaginn 3. nóvember er skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag eru nemendur í fríi en Frístund er opin frá 8:00 - 16:15 fyrir skráða nemendur.

Þriðjudaginn 4. nóvember er viðtalsdagur í Glerárskóla, nemendur og forráðamenn heimsækja umsjónarkennara og taka stöðuna á námi og líðan barnanna í skólanum.



Skráning á viðtalsdag hefst miðvikudaginn 22. október fyrir systkini í skólanum. Föstudaginn 24. október opnar síðan skráning fyrir alla og henni lýkur fimmtudaginn 29. október. Leiðbeiningar um skráningu hafa verið sendar heim til allra í tölvupósti. Viðtölin eru 15 mínútur og biðjum við alla að virða tímamörk.

Að loknum viðtalsdegi hefst skóli samkvæmt stundatöflu, miðvikudaginn 5. nóvember 2025.

Bleiki dagurinn 2025

Miðvikudagurinn **22. október** er **Bleiki dagurinn**. Við í Glerárskóla tökum að sjálfsögðu þátt og klæðumst bleiku þennan dag eða berum bleiku slaufuna til að sýna þeim konum sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra stuðning í verki.



Umferðin í skammdeginu - myrkur, bílar, börn

Nú sem endranær viljum við benda öllum á að þegar skammdegið hellist yfir okkur geta ljósaskiptin verið varasöm í umferðinni þegar börnin okkar eru á leiðinni til og frá skóla. Það dimmir skjótt á kvöldin, bráðlega verður rökkvað á morgnana þegar börnin okkar arka af stað í skólann, gangandi og hjólandi. Við brýnum fyrir forráðamönnum að gæta þess að hjól barna séu vel búin og ljósabúnaður í góðu lagi auk þess sem allir eru hvattir til að setja endurskinsmerki á töskur og föt barnanna. Verum árvökul og höfum augun hjá okkur. Eitt slys er einu slysi of mikið.



Minnum alla á að nýta sleppisvæðið til að hleypa nemendum út eða inn í bíla en nota ekki bílastæðið til þess þar sem það getur verið mjög hættulegt.

Útivistartími barna og unglunga

Útivistartími barna og unglunga:

Við hvetjum alla forráðamenn til að fara að reglum um útivistartíma barna sem er eftirfarandi:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00



Stöndum saman, fylgjum lögum, höldum vel utan um krakkana okkar og munum að okkar er ábyrgðin.

Ábyrgð og skyldur

Stjórnendur Glerárskóla vilja nú sem áður benda forráðamönnum á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem finna má á eftirfarandi slóð:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/17942>

Sem forráðamönnum berum við ábyrgð á börnum okkar hvar sem þau eru og sem skólasamfélag ber okkur að starfa saman að því að mennta nemendur eins og best verður á kosið.



Reglur um farartæki á hjólum

Samkvæmt nýjum landslögum mega **börn yngri en 13 ára ekki stýra rafknúnum smáfarartækjum** og öll börn yngri en 16 ára eiga að bera hjálma.

Þar af leiðir að Glerárskóli hefur uppfært reglur um farartæki á hjólum og má finna hana á heimasíðu skólans, hér:

<https://glerarskoli.is/wp-content/uploads/2024/09/reglur-um-hjol.pdf>





Við bendum forráðamönnum á að ef nemendur yngri en 13 ára koma á slíkum farartækjum (rafhlaupahjól) í skólann verður haft samband og forráðamenn beðnir að sækja tækið.

Nemendaráð á fullri ferð

Eins og margir vita var ákveðið að nemendaráð yrði ein af valgreinum skólans á þessu skólaári. Nemendaráð Glerárskóla er nú komið á fulla ferð í skipulagningu og hafa verið ákveðnir eftirfarandi dagar á þeirra vegum:



- 23. október: **Bleikur dagur - Dagur tileinkaður brjóstakrabbameini**
- 30. október: Búningadagur og hrekkjavökuball fyrir yngsta- og miðstig
- 11. desember: Jólahúfudagur - fyrsti jólasveinninn.
- 18. desember: Jólapeysudagur
- 9. janúar: Náttfatadagur
- 17. febrúar: Íþróttatreyjudagur
- 20. mars: Litríkir, skræpóttir sokkar - Downs dagurinn
- 2. apríl: Blár dagur - dagur einhverfunnar
- 17. apríl: Allt nema skólataska (mæta með annarskonar tösku/poka)
- 22. maí: Hattadagur

Nemendaráð hefur einnig hönd í bagga með nokkrum böllum yfir skólaárið. Þar má nefna Rósaballið fræga sem að þessu sinni var haldið fimmtudaginn 9. október og var glæsilegt í alla staði.



Helstu atburðir í október, nóvember og desember 2025

Október 2025	
20.-21. október	Haustfrí - enginn skóli
Nóvember 2025	
3. nóvember	skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
4. nóvember	Viðtalsdagur
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
28. nóvember	Glerárvísið
Desember 2025	
1. desember	Fullveldisdagur Íslands
18. desember	Uppbrotisdagur - Frístund opin - Litlu jól unglingastigs
19. desember	Litlu jólin í 1. - 7. bekk - Jólafrí hefst að loknum skóladegi
Janúar 2026	



5. janúar	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
6. janúar	Skóli hefst samkvæmt stundaskrá

Erasmus+

Hópur frá Glerárskóla fer í ferð til Danmerkur dagana 2. - 7. nóvember komandi. Um er að ræða bæði nemendur og kennarar, að kanna ókunnar slóðir í kóngsins Kaupmannahöfn. Nemendur fara þar í danskan skóla og upplifa margt þar utan sem gerir sjóndeildarhring þeirra víðari. Það verður gaman að fá að heyra ferðasöguna enda kynna nemendur og kennarar allar Erasmus+ ferðir fyrir samnemendum og samstarfsfólki.



Erasmus+ gerir okkur kleift að víkka sjóndeildarhringinn, læra margt nýtt og upplifa ótal margt sem við annars myndum kannski aldrei upplifa.

Glerárskóli heldur því áfram að vera Erasmus+ skóli af miklum eldmóð svo við getum lært meira og meira.

Í mars verður farin önnur ferð nemenda og kennara sem við segjum meira frá síðar en auk hennar fara fimm kennarar í ferðir á skólaárinu til endurmenntun.

Reykjaferð 7. bekkinga

Nemendur 7. bekkjar voru dagana 13. - 16. október í skólabúðunum á Reykjum í Hrútafirði. Nemendaferðir sem þessar eru frábært tækifæri til að auka á sjálfstæði nemenda og efla tengsl þeirra innbyrðis. Ferðin að þessu sinni gekk vel og það voru einstaklega glaðir en þreyttir nemendur sem mættu í skólann í morgun og höfðu frá mörgu skemmtilegu að segja.



Glerárvision

Föstudaginn 28. nóvember komandi verður haldin hin árlega söngkeppni Glerárvision í Glerárskóla.

Nemendur í 7. - 10. bekk stíga þá á svið og flytja lög að eigin vali auk þess sem nemendur setja saman gott atriði með söngnum.

Allir nemendur skólans eru áhorfendur en þrír dómara velja hvaða lag/atriði stendur uppi sem sigurvegari auk annars og þriðja sætis. Reglur um hvernig velja skal eru mjög skýrar. Á meðan dómara eru að ráða ráðum sínum eru skemmtiatriði frá nemendum til að léttu biðina.

Þessi skemmtilega hefð hefur verið í Glerárskóla í yfir 30 ár og er alltaf jafn gleðileg og lærdómsrík.



Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin virka daga sem hér segir:

Mánudaga frá kl. 07:50 - 16:00

Þriðjudaga frá 7:50 - 15:00

Miðvikudaga frá 7:50 - 16:00

Fimmtudaga frá 7:50 - 14:30

Föstudaga frá 7:50 - 14:00

Í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666



Netfang skólan: glerskoli@akmennt.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI